




**ÞINGEY OG SKULDAÞINGSEY Í SKJÁLFAFLJÓTI  
DEILISKIPULAG - TILLAGA  
GREINARGERÐ MEÐ SKIPULAGS- OG  
BYGGINGARSKILMÁLUM**

**ÚTGÁFA 0.0**

**06.06.2018**

**UNNIÐ FYRIR HÉRAÐSNEFND ÞINGEYINGA**



Samþykktir.....	3
1 Forsendur.....	4
1.1 Almennar upplýsingar og viðfangsefni.....	4
1.2 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð.....	5
1.3 Staðhættir.....	5
1.4 Eignarhald.....	6
1.5 Saga.....	6
1.6 Jarðfræði og náttúrufar.....	7
1.7 Náttúruminjaskrá.....	7
1.8 Skipulagsleg staða.....	7
1.9 Minjar.....	9
1.10 Samráð.....	11
1.11 Gögn deiliskipulags.....	11
2 Deiliskipulag.....	12
2.1 Aðkoma akandi umferðar.....	12
2.2 Aðkomusvæði, bílastæði og salernisbygging.....	12
2.2.1 Aðkomusvæði og bílastæði.....	12
2.2.2 Salernisbygging.....	13
2.3 Gönguleiðir og áningarstaðir.....	14
2.3.1 Skuldaþingsey.....	15
2.3.2 Þingey.....	16
2.3.3 Göngubrýr (og mögulega kláfferja) í Skuldaþingsey og Þingey.....	16
2.4 Lóðir.....	17
2.5 Byggingarreitir.....	17
2.6 Veitur.....	17
2.6.1 Vatn.....	17
2.6.2 Rafmagn.....	18
2.6.3 Fráveita.....	18
2.7 Skilti.....	18
2.8 Varðveisla minja.....	18
3 Almennir skilmálar.....	19
3.1 Almennt.....	19
3.2 Hönnun og uppdrættir.....	19
3.3 Mæliblöð.....	19
3.4 Frágangur lóða.....	19

3.5	Yfirborðsfrágangur.....	19
4	Sérákvæði.....	19
4.1	Almennt.....	19
4.2	S - Salernisbygging.....	19
5	Umhverfisáhrif.....	20
5.1	Landslag og sjónræn áhrif.....	20
5.2	Náttúrufar.....	20
5.3	Minjar og verndarsvæði.....	20
5.4	Útivist og ferðamennska.....	21
5.5	Samantekt og niðurstaða.....	21

## Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann \_\_\_\_\_

---

Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda

þann \_\_\_\_\_

## 1 Forsendur

Héraðsnefnd Þingeyinga er að láta vinna deiliskipulag fyrir Þingey og Skuldaþingsey í Skjálfandafljóti í Þingeyjarsveit. Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulagsins fyrir hönd Héraðsnefndar Þingeyinga. F.h. Landslags unnu að verkinu Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur SFFÍ og Ingvar Ívarsson landslagsarkitekt FÍLA.

### 1.1 Almennar upplýsingar og viðfangsefni

Þingey og Skuldaþingsey eru fyrir margra hluta sakir merkilegar, en helst þó fyrir menningarsöguleg verðmæti byggð á fornleifum sem þar er að finna og fyrir sögu eyjanna sem þingstaðar til forna. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um að bæta aðgengi og að greiða almenningi leið að eyjunum og því sem þær hafa upp á að bjóða. Héraðsnefnd Þingeyinga hefur látið vinna greinargerð um möguleika á að nýta Þingey, sögu hennar og náttúru, til eflingar menningartengdrar ferðaþjónustu á svæðinu og þá m.a. í tengslum við uppbyggingu við Goðafoss og fornleifarannsóknir víðar í sýslunni. Greinargerðin var unnin af Þekkingarneti Þingeyinga og eru upplýsingar úr henni nýttar í vinnu við deiliskipulag<sup>1</sup>.

Með stóruknum ferðannastraumi til landsins, og þar með talið til Þingeyjarsveitar, er æskilegt að fjölga þeim stöðum sem ferðmenn geta sótt heim. Með fleiri spennandi áfangastöðum í sveitarfélaginu má minnka álag á núverandi staði ásamt því að svæðið getur ráðið betur við þann fjölda sem sækir sveitarfélagið heim á sama tíma, sér í lagi yfir sumarmánuðina.

Til að gera Þingey og Skuldaþingsey að ákjósanlegum viðkomustað ferðamanna er nauðsynlegt að bæta aðgengi og aðstöðu þeirra sem um svæðið fara. Til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki er nauðsynlegt að byggja upp innviði þess og setja umgengnisreglur sem um svæðið gilda.


Í vinnu við deiliskipulag er virðing fyrir náttúru svæðisins, fornminjum og sögu látin ráða för, en í deiliskipulagi er verið að skilgreina fyrirkomulag aðkomusvæðis, áningarstaða, minjasvæða og gönguleiða ásamt því að koma á göngutengingu með göngubrúum út í Þingey og Skuldaþingsey. Markmiðið er að gera eyjarnar að áhugaverðum áfangastað heimamanna og ferðamanna sem vilja í senn njóta náttúru eyjanna og fræðast um sögu þeirra og þar með þjóðarinnar.

Í deiliskipulagi er sérstök áhersla lögð á að allar framkvæmdir muni falla vel að umhverfinu og þannig reynt að stuðla að verndun svæðisins. Deiliskráning forminja hefur verið gerð fyrir Þingey og Skuldaþingsey og er sú skráning forsenda fyrir gerð deiliskipulags. Sérstök áhersla er lögð á það við gerð deiliskipulags að þær framkvæmdir sem gert verður ráð fyrir skv. deiliskipulagi muni ekki raska þeim fornminjum sem eru í eyjunum.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni. Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags var samþykkt til kynningar á fundi skipulags- og umhverfisnefndar 12. október 2016 og á fundi sveitarstjórnar 20. október 2016. Skipulagslýsingin

---

<sup>1</sup> Aðalsteinn J. Halldórsson, Hilda Kristjánsdóttir, Óli Halldórsson. Þingey í Skjálfandafljóti, tækifæri og framtíð? Þekkingarnet Þingeyinga. Þingeyjarsveit 2012.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðisins.

var auglýst frá 16. mars – 6. apríl 2017. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúruverndarnefnd Pingeyinga, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Tekið er tillit til umsagna í vinnu við deiliskipulag.

### **1.2 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð**

Skipulagssvæðið nær yfir Pingey og Skuldapingsey auk aðkomusvæðis sunnan Skuldapingseyjar. Eyjarnar eru skammt norður af bænum Fljótsbakka sem stendur austan Skjálfandafljóts. Eyjarnar liggja saman og eru alls 625 ha að stærð, Pingey 550 ha og Skuldapingsey 75 ha (sjá mynd 1 hér til hliðar).

### **1.3 Staðhættir**

Pingey er í miðju Skjálfandafljóti í Pingeyjarsveit á milli Kinnarfells í vestri og Fljótsdalsheiði í austri. Fljótið fellur um hinn sögufræga Goðafoss en litlu síðar klonnar það í tvennt þar sem Pingey liggur en Pingeyjarsýslur draga einmitt nafn sitt af þessari eyju. Norðan Pingeyjar er önnur eyja sem nefnist Skuldapingsey og er jafnan talin með Pingey vegna Vorþinga sem þar voru haldin. Kvíslin sem liggur austan Skuldapingseyjar nefnist Fosselskvísl en á milli Skuldapingseyjar og Pingeyjar er Skuldapingseyjarkvísl. Áin fellur um Ullarfoss í Skipapoll sem er norðan eyjanna.

Pingey er tæplega sex km löng frá norðri til suðurs og um 1,5 km á breidd og er undirstaða hennar talin hafa runnið frá Trölladyngju í Ódáðahrauni fyrir um sjö þúsund árum síðan. Eyjan er flöt og yfirborð hennar þurr en nokkuð gróið. Hún er lyngi vaxin á köflum og þar má einnig finna aðrar harðgerðar jurtir og er einir nokkuð algengur en birki hefur ekki náð að festa þar rætur að ráði. Beggja vegna eyjarinnar eru birkiskógar, að vestan Fellsskógur en að austan Fosselskógur.

Í Þingey er hinn forni þingstaður héraðsins, Þingvöllur og liggur hann á austurbakka eyjarinnar. Um 2 km suðvestur frá þingstaðnum er Barnafoss í vestari og vatnsmeiri kvísl Skjálfandafljóts.

Aðkoma akandi umferðar að Þingey og Skuldaþingsey er um Vaðsveg (8772) sem tengist inn á Norðausturveg (85) austan brúar yfir Skjálfandafljót. Ekið er suður Vaðsveg, í gegnum bæjahlöðin á Vaði I og Vaði II og áfram í gegnum Fossselsskóg að suðurenda Skuldaþingseyjar.

#### **1.4 Eignarhald**

Fram til ársins 1962 átti íslenska ríkið  $\frac{3}{4}$  hlut í Þingey og fór landbúnaðarráðuneytið með eignarhlutinn. Þann 16. júní 1962 afhenti landbúnaðarráðherra eignarhlut Þingeyjar fyrir hönd ríkisins til sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, þar með talið þingstaðinn í eygni. Einarstaðir í Reykjadal fara með  $\frac{1}{4}$  eignarhlutinn á móti Héraðsnefnd Þingeyinga<sup>2</sup>.

Nýir eigendur Þingeyjar tóku á sig skyldur sem tilteknar eru í afsalinu. Þær eru að varðveita skrásettar og friðaðar fornminjar í samráði við fornminjavörð og friðun Þingeyjar fyrir ágangi búfjár. Fram kemur jafnframt í afsalinu að ef nýir eigendur eyjarinnar hafi áhuga á leigu landnytja og hlunninda eyjarinnar skuli leigutekjum varið í fegrun Þingeyjar. Að lokum er tekið fram að eignin sé afhent með þeim kvöðum og skyldum sem á henni kunnu að hvíla. Í afsalinu kemur fram að muni hinn nýi eigandi ekki annast eignina á þann hátt sem í afsalinu er kveðið á um muni eignarhlutinn að nýju falla undir ríkið og það endurgjaldslaust.

Fyrir liggur samþykki sameigenda að Þingey fyrir vinnu við deiliskipulag og er verkefnið unnið í samstarfi við landeigendur og Þingeyjarsveit.

#### **1.5 Saga**

Þinghald að fornu hefur verið rannsakað allvel en almennar heimildir um þingstaði á þjóðveldisöld eru af skornum skammti. Þingey er þó talin hafa verið ein af föstum vorþingsstöðum á Íslandi ásamt Skuldaþingsey sem er við hlið hennar.

Í lagasafni Íslenska þjóðveldisins Grágás má finna lýsingu á vorþingi en þar segir að vorþing skuli haldin í fimmtu og sjöttu viku sumars og standa eigi lengur en viku og ekki skemur en fjóra daga.

Í fyrsta bindi Sögu Íslands sem Sigurður Líndal ritstýrði árið 1974 fjallar Jakob Benediktsson um vorþing og leiðir svokallaðar. Í bókinni kemur fram að endanleg skipun vorþinga hafi líklega ekki komist á fyrr en landinu hafi verið skipt upp í þá fjórðunga sem við þekkjum en í Norðlendingafjórðungi eru upptalin vorþing sem haldin voru á eftirtöldum stöðum: Húnaþingsstöðum, Hegranesþingi, Vöðlaþingi og Þingeyjarþing (Eyjarþing) í Þingey í Skjálfandafljóti. Þá segir í þessari bók að störf vorþinga hafi verið tvískipt, annars vegar sóknarþing og hins vegar skuldaþing. Þá hafi sóknarþingið verið dómping en skuldaþingið nokkurs konar skiladagur.

---

<sup>2</sup> Héraðsnefnd Þingeyinga fer núorðið með eignarhlutinn sem áður var afhentur sýslunefndinni.

## 1.6 Jarðfræði og náttúrufar

Undirstöður Þingeyjar og Skuldaþingseyjar eru taldar hafa runnið frá Trölladyngju í Ódáðahrauni fyrir um sjö þúsund árum síðan. Eyjarnar eru flatar og yfirborð þeirra þurrt en nokkuð gróið. Eyjarnar eru lyngi vaxnar á köflum og þar má einnig finna aðrar harðgerðar jurtir og er einir nokkuð algengur en birki hefur ekki náð að festa þar rætur að ráði. Beggja vegna eyjanna eru birkiskógar, að vestan Fellsskógur en að austan Fossselsskógur.

Uppblástur er einhver í Þingey og rofsvæði er yfir þvera eyjuna sunnarlega á henni.

## 1.7 Náttúruminjaskrá

Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst.

Þingey og umhverfi hennar, alls 22,5 km<sup>2</sup> eru á náttúruminjaskrá. Eftirfarandi lýsing er á svæðinu í náttúruminjaskrá:

*(1) Þingey og nálægar eyjar í Skjálfandafljóti, eyrar og bakkar fljótsins norður að Vaðsvaði, austurhlíðar Kinnarfells og vesturhlíðar Fljótsheiðar við Þingey.*

*(2) Óbyggður skógivaxinn dalur. Fallegir fossar og gljúfur, gróðurrikar eyjar. Söguhelgi.*

## 1.8 Skipulagsleg staða

Í gildi er aðalskipulag Þingeyjasveitar 2010-2022.

Skipulagssvæðið allt er skilgreint í aðalskipulagi sem landbúnaðarsvæði og er Þingey og nánasta umhverfi hennar einnig á náttúruminjaskrá og undir hverfisvernd. Þá eru skráðar friðlýstar fornminjar í Þingey.

Í aðalskipulagi eru mörkin milli landbúnaðarsvæðis og óbyggðs svæðis að mestu dregin eftir hæðarlínu 300 m.y.s. og er Þingey neðan 300 m.y.s. og því á skilgreindu landbúnaðarsvæði.

Sama svæði Þingeyjar og er á náttúruminjaskrá er undir hverfisvernd í aðalskipulagi.

Lýsing svæðis:

*Svæðið er skógi vaxinn dalur, að mestu óbyggður. Náttúrulegir birkiskógar eru bæði vestan fljóts, Fellsskógur og Fremstafellsskógur austan í Kinnarfelli, og austan fljóts, Fossselsskógur og Glaumbæjarselsskógur vestan í Fljótsheiði. Tveir fossar eru á svæðinu, Barnafoss og Ullarfoss. Þá eru friðlýstar fornleifar á Þingey og Skuldaþingsey.*

*Tveir bæir eru nyrst á svæðinu, Vað I og Vað II og tilheyrir þeim ræktarland. Þá eru stök sumarhús í Fossselsskógi. Vegslóðar eru m.a. í Fellsskógi og í Fossselsskógi.*

Markmið hverfisverndar:


*Meginmarkmiðið er að varðveita svæðið eins og það er núna:*

*Sérstakur árfarvegur með eyjum, hólum, kvíslum og fossum, og með náttúrulegum birkiskógum báðum megin fljótsins.*



## Verndarákvæði:

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi búrekstri á Vaðsbæjum með eðlilegum hætti miðað við hefðbundinn búrekstur.
- Viðhalda má núverandi sumarhúsum í Fosselskógi en ekki má fjölga húsum eða byggja við; ef sumarhús hverfa verður ekki leyft að byggja nýtt í staðinn.
- Hugsanlegt er að leyft verði að byggja eitt hús á hverja þá jörð í einkaeign sem er óhýst eins og er.
- Leyfilegt er að lagfæra vegslóða og göngustíga, merkja þá og búa til göngubrýr eftir þörfum. Einnig að merkja helstu fornminjar og náttúrufyrirbæri með upplýsingaspjöldum.
- Fram yfir það er óheimilt að koma upp mannvirkjum eða breyta landslagi, vatnafari eða gróðurfari á svæðinu.
- Við þróun skóga á svæðinu (Fellsskógs, Fosselskógs o.fl.) skal varðveita sérkenni þeirra sem náttúrulegir birkiskógar.
- Með hverfisverndarákvæðum þessum verði ekki gengið á réttindi eigenda Vaðsbæja til hefðbundinnar notkunar jarða þeirra.



Mynd 2. Hluti aðalskipulags Pingeyjarsveitar 2010-2022. Gult skásett svæði sýnir hverfisverndað svæði Pingeyjar og nánasta umhverfis.

Tillaga að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

## 1.9 Minjar

Vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag vann Fornleifastofnun Íslands deiliskráningu fornminja í Þingey og Skuldaþingsey fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga sumarið 2016<sup>3</sup>. Eyjarnar hafa verið heimsóttar nokkrum sinnum í gegnum tíðina af fræðimönnum án þess að þær hafi verið skoðaðar í þaula og hvaða minjar er þar að finna. Alls var úttektarsvæðið rúmlega 620 ha og fundust þar 28 minjastaðir. Allir minjastaðirnir, fyrir utan þá sem eru í Skjálfandafljóti (vöð og sögustaðir) voru metnir í hættu vegna fyrirhugaðra breytinga á nýtingu eyjunnar. Í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaðanna. Í mörgum ef ekki öllum tilfellum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska fornleifum ef til framkvæmda kemur. Minjastofnun Íslands mun veita umsögn um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.

Ástand minjastaðanna er gott og til þeirra sést flestra, einungis fjórir þeirra eru horfnir. Það verður að teljast mjög góð varðveisla og er það sennilega að miklu leyti því að þakka hversu takmarkað aðgengi er út í eyjarnar. Horfnu staðirnir eru þrjú vöð og hin meinta lending í Skipapólli.

Í niðurstöðu minjaskráningar segir m.a.:

*Í báðum eyjunum voru skráðar minjar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og allt fram til okkar daga. Minjastaðirnir eru fjölbreyttir en flestir tengjast þeir samgöngum og útbeit ásamt þinghaldi. Báðir þingstaðirnir eru afar merkilegir í sögulegu samhengi og ekki síður þegar horft er til minjanna sjálfra. Það eru ekki margir aðrir þingstaðir á landinu sem hafa varðveist jafn vel. Því má auðveldlega halda fram að Skuldaþing sé þar í sérflokki. Hin stutta vegalengd á milli þinganna er áhugaverð og ótal rannsóknarefni sem þarna má finna ásamt og kynningarmöguleikum.*

Samantekt um minjaskráningu í hvorri eyju um sig má sjá hér að neðan en nánari upplýsingar um hvern minjastað má finna í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands um deiliskráningu fornminja í Þingey og Skuldaþingsey:

### **Skuldaþingsey**

*Skuldaþingsey er nálega 2 km löng og 700 m breið þar sem hún er breiðust. Í eyinni voru skráðir sex minjastaðir. Þingbúðir 268:008 eru þar umfangsmestar eins og búast mátti við, alls eru tóftirnar 30 talsins. Þingið er í norðvesturhluta eyjarinnar og sjást minjarnar lítið fyrir en að þeim er komið. Minjasvæðið er 230x180 m að stærð og liggur gamall árfarvegur langsum eftir miðju svæðinu...*

*Vörður 268:013 og 268:014 eru austurhluta eyjunnar og sjást vel. Þær voru líklega vegvísar að einhverjum hinna minjastaðanna á eyjunni, þ.e. er kolagröf 016 og beitarhúsum 012 og 015. Vörðurnar eru í nánast beinni línu til norðurs frá báðum beitarhúsum. Allar beitarhúsatóftirnar eru fornlegar en sé tekið mið af ástandi þeirra á yfirborði, eru þær að öllum líkindum yngri en þingið. Áhugavert væri að skoða þessa minjar betur og aldursgreina þær.*

*Það er einnig áhugavert að einungis séu sex minjastaðir í Skuldaþingsey þó að einn þeirra sé vissulega umfangsmikill. Það eru til heimildir um nýtingu eyjunnar til útbeitar í gegnum aldurnar*

---

<sup>3</sup> Kristborg Þórsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Garðar Guðmundsson og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Deiliskráning í Þingey og Skuldaþingsey, Skjálfandafljóti. Fornleifastofnun Íslands FS617-16121. Reykjavík 2016.

en hvert umfang hennar var er ekki vitað. Kolagröfin gefur nýja sýn á þau störf sem þar voru unnin enda ekki skógur á þessum stað nú né heimildir um slíka iðju.

### **Pingey**

Pingey er tæplega 6 km að lengd og tæplega 1,5 km á breidd þar sem hún er breiðust. Þar voru skráðir 22 minjastaðir og þingstaður 272b:001 er þar umfangsmestur eins og vænta mátti. Það er ljóst að þinginu var raskað með byggingu býlis þar á miðri 19. öld og erfitt er að aðskilja þær minjar frá þingminjum. M.a. eru yngri tóftirnar oftast en ekki byggðar ofan á þingbúðum eða fast við þær. Einnig eru þarna nokkrar tóftir sem falla hvorki undir þingstaðinn né býlið...

Í allt voru skráðar 20 minjar á þingstaðnum og er hér bæði um garðlög og stórar og litlar tóftir að ræða. Þetta er afar áhugaverður minjastaður, þar sem ægir saman minjum frá mismunandi tímabilum. Ljóst er að minjarnar á þingstaðnum eru frá a.m.k. þremur tímabilum og er saga þingstaðarins því flóknari en hingað til hefur verið talið. Hengingarklettur 272b:007 tengjast þinghaldinu í eyjunum báðum. Þar áttu aftökur að hafa farið fram en erfitt er að staðfesta hvort svo var eða ekki.

Aðrar minjar í eyinni tengjast flestar samgöngum. Syðst í Pingey er Lambavað 272b:003, Sandbrotavað 272b:005 er yfir Skjálfandafliót til vesturs og vað 272b:002 er yfir Glaumbæjarkvíslina, skammt sunnan við þing 272b:001. Ekki sér til neinna ummerkja um leiðir í eyjunum eða vöðin sjálf. Fjölmargar vörður eru í Pingey og þegar dreifing þeirra er skoðuð virðast þær tengjast samgöngum, bæði á milli vaða 272b:005 og 002 og áfram til norðurs. Vörður 022, 020, 015-019 og 012 liggja til norðurs frá Sandbrotavaði 272b:005, eftir vesturbakka eyjunnar og svo til norðausturs eftir svokölluðum Bröttum í átt að Ullarfossi 272b:008. Þær eru ekki í beinni línu, heldur dreifast um norðvesturhluta eyjunnar. Nokkrar af þessum vörðum, þó einna helst 012 og 022, eru umfangsmiklar og líklega voru þær notaðar til að merkja einhverja leið eða fyrirfram ákveðinn stað sem okkur er nú ókunnur. Vörður 272b:009 og 272b:011 eru á austurbakka Pingeyjar, beggja vegna við vað 002. Ekki er ólíklegt að þær séu hluti af leið sem lá eftir uppblæstrinum á milli Sandbrotavaðs og vaðs 002, áfram að þingstaðnum. Þetta eru þó allt getgátur sem byggjast á dreifingu minjastaðanna. Ekki sér til minja við Þinglág 272b:010, þar var að öllum líkindum greiðfærasta leiðin um Pingey. Ekki sér til gatna þar ofan í eða minja yfir höfuð. Varða 272b:014 er á hraunhól og líklega vísar hún á greni sem er í honum. Fast norðaustan við Sandbrotavað er einnig þyrping af vörðum 272b:021 með óljósan tilgang.

Tvær tóftir, utan þingstaðarins, eru í Pingey. Syðst í Pingey eru beitarhús frá Fljótsbakka. Tóftin er fornleg, sigin og sker sig lítið úr nánasta umhverfi. Ekki er vitað frá hvaða tíma tóftin er en hún er líklega eldri en býlið í eyjunni. Tóftin er mun fornlegri en minjarnar um það. Tóft 272b:013, er suðaustast í svokölluðum Bröttum, nokkuð sunnan við vörðu 272b:012. Þessi tóft er lítil og grjóthlaðin. Hún er á lágum hraunhól og líkist einna helst skothúsi. Það er lítil gjóta í norðvesturhorni hennar og ekkert annað op þar inn. Tóftin er ekki fornleg ásýndar en hafa ber í huga að hún er gerð á milli kletta og lítið um gróður þar.

Í kafla 2.8, varðveisla minja, er fjallað um hvort og hvaða áhrif fyrirhugaðar framkvæmdir skv. deiliskipulagi hafa á minjastaði þessa.

Minnt er á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

*“Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”*

### **1.10 Samráð**

Í vinnu við deiliskipulag eða á auglýsingartíma deiliskipulagsins er haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

*Helstu samráðsaðilar:*

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Landeigendur Þingeyjar
- Veiðifélag Skjálfandaflióts
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Rarik
- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
- Viðeigandi nefndir og deildir Þingeyjarsveitar

### **1.11 Gögn deiliskipulags**

*Deiliskipulag Þingeyjar og Skuldaþingseyjar samanstendur af eftirtöldum gögnum:*

- Greinargerð með forsendum, skipulags- og byggingarskilmálum.
- Tveir deiliskipulagsupprættir af hluta skipulagssvæðisins í mælikvarða 1:2000 í A1. Á þeim uppráttum er einnig deiliskipulagsuppráttur af öllu skipulagssvæðinu í mælikvarða 1:13.000.

## 2 Deiliskipulag

Megin tilgangur með gerð deiliskipulags Þingeyjar og Skuldaþingseyjar er að skipuleggja og útfæra aðgengi og aðstöðu þeirra sem að og um svæðið fara. Lögð er áhersla á að gera aðgengi að og um eyjarnar þannig úr garði að það raski umhverfi sem minnst. Með bættu aðgengi að Þingey og Skuldaþingsey verða skapaðar forsendur til þess að gera umgjörð þeirra menningarminja sem þar er að finna þannig úr garði að varðveisla þeirra verði tryggð jafnhliða frekari rannsóknnum á þeim, en þær hafa verið torsóttar vegna hins erfiða aðgengis.

Til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki er nauðsynlegt að byggja upp innviði þess og setja umgengnisreglur sem um svæðið gilda. Í deiliskipulagi verður sérstök áhersla lögð á að allar framkvæmdir muni falla vel að umhverfinu og þannig reynt að stuðla að verndun svæðisins. Deiliskráning forminja hefur verið gerð fyrir Þingey og Skuldaþingsey og er sú skráning forsenda fyrir gerð deiliskipulags. Sérstök áhersla er lögð á það við gerð deiliskipulags að þær framkvæmdir sem gert verður ráð fyrir skv. deiliskipulagi muni ekki raska þeim fornminjum sem eru í eyjunum.

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

### 2.1 Aðkoma akandi umferðar

Aðkoma akandi umferðar að Þingey og Skuldaþingsey er um Vaðsveg (8772) sem tengist inn á Norðausturveg (85) austan brúar yfir Skjálfandafliót. Ekið er suður Vaðsveg, í gegnum bæjahlöðin á Vaði I og Vaði II og áfram í gegnum Fosselskóg að suðurenda Skuldaþingseyjar. Ekki er gert ráð fyrir að stórar rútur fari um veginn þar sem burður hans er takmarkaður og mögulegt er að þungatakmarkanir verður settar á veginn til að takmarka umferð.

Aðkomuleið að eyjunum er utan marka skipulagsins en lögð er áhersla á að vegur að aðkomusvæði við suðurenda Skuldaþingseyjar verði bættur þannig að aðgengi akandi umferðar verði gott að skipulagssvæðinu. Núverandi vegur liggur í gegnum bæjahlöðin á Vaði I og Vaði II og er hlið á veginum við bæjarhlöðin. Æskilegt er að vegurinn verði færður að hluta þannig að hann liggja ekki um bæjarhlöðin en þar sem þau svæði eru ekki innan skipulagssvæðisins er færsla á veginum eða útfærsla hans ekki frekar til umfjöllunar í deiliskipulagi.

### 2.2 Aðkomusvæði, bílastæði og salernisbygging

#### 2.2.1 Aðkomusvæði og bílastæði

Gert er ráð fyrir aðkomusvæði og bílastæðum fyrir skipulagssvæðið sunnan Skuldaþingseyjar. Á aðkomusvæðinu sem er staðsett á flata á milli núverandi vegar og árbakka er m.a. gert ráð fyrir upplýsingaskiltum, borðum, bekkjum og sorpílátum en þar er upphafsstaður gönguleiða um Þingey og Skuldaþingsey. Gönguleið liggur til norðurs að núverandi stíflugarði yfir Fosselskvísl þar sem gert er ráð fyrir göngubrú yfir í Skuldaþingsey (sjá nánar í kafla 2.3).

Gert er ráð fyrir bílastæði á svæðinu sem rúmar 20 bíla en bílastæði þetta er staðsett sunnan núverandi aðkomuvegar og við upphaf gönguleiðar yfir í Skuldaþingsey. Þá er gert ráð fyrir tveimur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða á aðkomusvæðinu.

Meðfram aðkomuveginum austan fyrirhugaðra bílastæða er gert ráð fyrir langstæðum fyrir rútur. Vestan fyrirhugaðra bílastæða er gert ráð fyrir snúningsfleti fyrir bíla og rútur.

Gengið skal frá jöðrum bílastæða þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu. Við hönnum og merkingar bílastæða er leitast við að þau verði skilvirk og örugg. Bílastæði eru sýnd á skipulagsuppráttum en útfærsla innan þeirra getur breyst við fullnaðarhönnun. Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.2 byggingareglugerðar nr. 112/2012.

Efni í öll bílastæði verður tekið úr námun í sveitarfélaginu sem eru með starfsleyfi.



Mynd 3. Möguleg útfærsla aðkomusvæðis, bílastæða og salernisbyggingar sunnan Skuldaþingseyjar.

### 2.2.2 Salernisbygging

Gert er ráð fyrir salernisbyggingu við aðkomusvæði sunnan Skuldaþingseyjar. Byggingin verður staðsett norðan aðkomuvegar og bílastæða, sömu megin vegar og aðkomusvæði ásamt upphafsstað gönguleiðar í Skuldaþingsey. Gott aðgengi er á milli salernisbyggingar og bílastæða og er byggingin þannig staðsett að útsýni frá henni er mjög gott.

Byggingin hýsir snyrtingar fyrir gesti er sækja svæðið heim, ásamt mögulegri aðstöðu fyrir starfsmann.

Gólfhæð byggingar skal vera þannig að aðgengi verði sem ákjósanlegast fyrir alla, m.a. hreyfihamlaða.

Mikilvægt er að aðstaða í og umhverfis bygginguna verði til sóma og hugað sé þannig að hönnun þannig að hún falli sem best að umhverfinu og trúfli ekki ásýnd svæðisins.

### 2.3 Gönguleiðir og áningarstaðir

Við aðkomusvæði og bílastæði er gert ráð fyrir upphafi gönguleiða sem liggja um Þingey og Skuldaþingsey. Gert er ráð fyrir að göngubrú verði sett ofan á núverandi stíflugarð yfir Fossselskvísl sem staðsettur er við bílastæði, þar sem Fossselskvísl rennur til austurs frá Skuldaþingseyjarkvísl.



Mynd 4. Stíflugarður yfir í Skuldaþingsey að sunnan þar sem gert er ráð fyrir göngubrú, salernisbyggingu og bílastæðum.

Gert er ráð fyrir að gönguleiðir í Þingey og Skuldaþingsey verði stikaðar í fyrstu en til framtíðar er gert ráð fyrir þeim möguleika að leiðirnar verði göngustígar með trjákurli eða malarsalla í yfirborði. Með gerð þessara gönguleiða er verið að bæta aðgengi almennings um eyjarnar eftir merktum leiðum ásamt því að stýra aðgengi þannig að umferð almennings valdi sem minnstum átroðningi.

Gert er ráð fyrir að verði byggðir upp áningarstaðir við gönguleiðir í eyjunum. Áningarstaðir verða útfærðir á láréttum flötum og gert ráð fyrir þeim möguleika að yfirborð þeirra verði með malarsalla eða trjákurli. Á áningarstöðum er gert ráð fyrir borði/bekk ásamt lágum hallandi upplýsingarskiltum. Á upplýsingarskiltum er gert ráð fyrir upplýsingum um minjastaði, náttúru og sögu eyjanna til fræðslu og aukna upplifun þeirra sem um svæðið fara. Upplýsingar þessar eru m.a. til að undirstrika söguhelgi svæðisins og mikilvægi þess að umgangast eyjarnar með varkárni.

Nánari upplýsingar um legu gönguleiða og staðsetningu áningarstaða má sjá í undirköfum hér að neðan.

Lega stíga getur breyst lítillega frá því sem sýnt er á deiliskipulagsuppdráttum þar sem aðlaga þarf legu eftir aðstæðum á hverjum stað. Stígar skulu falla að aðliggjandi landhæð sem frekast er unnt.

Gengið skal frá jörðum og fláum göngustíga þannig að þeir falli sem best að umhverfi sínu, m.a. með því að græða jaðrana og fláana upp með samskonar gróðri og er umhverfis göngustígana. Áningarstaðir eru staðsettir við upphaf gönguleiða, við minjastaði eða á útsýnisstöðum. Áningarstaðir skulu þannig útfærðir að þeir falli sem best að umhverfi sínu.



Mynd 5. Dæmi um lág hallandi skilti og borð/bekki sem geta verið á áningarstöðum.

### 2.3.1 Skuldapingsey

Þegar komið er í Skuldapingsey verður gönguleið til norðurs meðfram bakka Skuldapingeyjarkvíslar. Um 300 m norðan göngubrúar er þrenging í Skuldapingeyjarkvísl þar sem heppilegast er talið að staðsetja brú eða kláfferju yfir í Þingey ásamt áningarstað (sjá nánar í kafla 2.3.3). Gönguleiðin liggur þaðan áfram til norðvesturs með bakka árinna að fyrirhuguðum áningarstað við minjastaðinn Skuldaping. Þar er gert ráð fyrir vegamótum en gönguleiðin liggur áfram með árbakkanum alla leið niður að Ullarfossi sem er staðsettur þar sem Skuldapingeyjarkvísl fellur í Skipapoll. Gert er ráð fyrir áningarstað við Ullarfoss þar sem útsýni er gott yfir fossinn og Skipapoll. Þaðan er gert ráð fyrir gönguleið til norðurs meðfram Skipapoll og að stíflugarði þar sem Fosselskvísl fellur í Skipapoll. Á stíflugarðinum er gert ráð fyrir göngubrú og áningarstað við brúnna en handan hennar er gönguleið til norðurs að aðkomuvegi og Fosselskógi. Frá áningarstaðnum er einnig gert ráð fyrir gönguleið til suðurs þvert yfir Skuldapingsey að áningarstað við Skuldaping og áfram austan minjastaðarins og að áningarstað og gönguleið sunnan Skuldapings. Með þessari tengingu verður til hringleið í eygni í nánd við minjastaðinn Skuldaping.

Gönguleiðir og áningarstaðir skulu hvergi vera nærri minjum en 10 m.





Mynd 6. Stíflugarður yfir í Skuldapingsey að norðan þar sem gert er ráð fyrir göngubrú og áningarstað.

### 2.3.2 *Þingey*

Þegar komið er í Þingey verður gönguleið meðfram bakka Skuldapingeyjarkvíslar, bæði til norðurs og suðurs. Leiðin til norðurs liggur að Skipapólli og áningarstað við Ullarfoss og þaðan áfram til vesturs og svo til suðurs að hengingarklettum sem er minjastaður. Þar er gert ráð fyrir áningarstað og svo gönguleið áfram til suðausturs að göngubrú og þar með er orðin til hringleið um nyrsta hluta Þingeyjar. Frá göngubrúnni er einnig gönguleið til suðurs með bakka Skuldapingeyjarkvíslar að minjastaðnum Þingvöllum en þessi leið er um 1 km. Norðan við þennan merka minjastað er gert ráð fyrir áningarstað og frá honum gönguleið að minjunum og öðrum áningarstað sem liggur hátt í landi með útsýni yfir minjastaðinn. Frá áningarstaðnum norðan Þingvalla er gert ráð fyrir gönguleið þvert yfir Þingey að Barnafossi í Skjálfandafljóti.

Gönguleiðir og áningarstaðir skulu hvergi vera nærri minjum en 10 m.

### 2.3.3 *Göngubrýr (og mögulega kláfferja) í Skuldapingsey og Þingey*

Gert er ráð fyrir tveimur göngubrúum yfir í Skuldapingsey á núverandi stíflugarðum yfir Fosselskvísl. Um er að ræða léttar göngubrýr eða brúargólf með handriði sem sett er ofan á stíflugarðana.

Gert er ráð fyrir göngubrú eða handknúinni kláfferju um þrengsli í Skuldapingeyjarkvísl milli Skuldapingseyjar og Þingeyjar. Ef göngubrú verður á þessum stað þarf hún líklega að vera þannig hönnuð að auðvelt er að taka hana upp á haustin þar sem ísrek og flóð á veturna og framtíðin vori eru árviss í Skjálfandafljóti.



Mynd 7. Prenging í Skuldabingseyjarkvísl þar sem gert er ráð fyrir göngubrú eða kláfferju yfir í Þingey.

## **2.4 Lóðir**

Lóðarmörk salernisbyggingar eru sýnd á skipulagsupprætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

## **2.5 Byggingarreitir**

Á skipulagsupprætti er sýndur byggingarreitur á lóð og skal bygging vera innan hans.

## **2.6 Veitur**

Samráð skal haft við Þingeyjarsveit og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda við lagnir.

### **2.6.1 Vatn**

Vegna fyrirhugaðrar salernisbyggingar er þörf á vatni. Gert er ráð fyrir að borað verði eftir vatni sunnan fyrirhugaðrar salernisbyggingar og aðkomuvegar og vatn leitt þaðan að byggingunni. Ekki hefur verið kannað hvar heppilegast er að bora eftir vatni og því er staðsetning borholu ekki nákvæm á skipulagsupprætti. Mögulegt er að borholan verði staðsett utan skipulagssvæðisins.

Neysluvatnsöflun verður í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og gert er ráð fyrir flokkun verndarsvæða umhverfis vatnsbólið í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

### 2.6.2 Rafmagn

Rarik mun sjá svæðinu fyrir rafmagni. Gert er ráð fyrir að jarðstrengur verði lagður meðfram aðkomuvegi frá bæjunum Vaði og Vaði II, en framkvæmd verður unnin í samvinnu við RARIK.

### 2.6.3 Fráveita

Gert er ráð fyrir rotþró austan fyrirhugaðra bílastæða við salernisbyggingu. Salernisaðstaða og rotþró þurfa að vera í hæfilegri fjarlægð frá borholu neysluvatns og réttum megin miðað við grunnvatnsstrauminn sem undir er. Staðsetning rotþróar var valin m.t.t. þessara sjónarmiða. Aðgengi að rotþró skal vera þannig að auðvelt sé fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits. Kerfið skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Frágangur siturlagna, rotþróar og frárennslis skal vera vandaður í alla staði, þannig að engin mengun stafi af.

### 2.7 Skilti

Innan skipulagssvæðisins er heimilt að setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti og skulu þau vera skv. handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum. Sérstök áhersla er lögð á góð upplýsingaskilti við salernisbyggingu en þetta er sá staður sem fyrst er komið að þegar fara á í Þingey og Skuldaþingsey. Þá er gert ráð fyrir lágum og látlausum upplýsingaskiltum á áningarstöðum á Þingey og Skuldaþingsey.

### 2.8 Varðveisla minja

Eins og tekið er fram í kafla 1.9 eru 28 minjastaðir skráðir á skipulagssvæðinu. Minjastaðir þessir hafa verið staðsettir í deiliskráningu og má sjá staðsetningu þeirra á deiliskipulagsuppráttum.

Staðsetning gönguleiða og áningarstaða er með það að markmiðið að minjastaðir verði ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmda en ekki er talið að framkvæmdir skv. deiliskipulagi hafi áhrif á þessar minjar.

Mikilvægt er að framkvæmdir í nánd við Þingvelli og Skuldaþing verði í samráði við Minjastofnun Íslands og minnt er á 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, *Fornleifar í hættu*, en þar segir:

*„Hver sá sem verður var við að fornleifar liggja undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða. Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar er þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. Stofnunin skal hafa samráð við Umhverfisstofnun þegar fjallað er um blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja.“*

### **3 Almennir skilmálar**

#### **3.1 Almennt**

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

#### **3.2 Hönnun og uppdrættir**

Fara skal eftir því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð (112/2012), reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012) og aðrar reglugerðir segja til um.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (112/2012).

#### **3.3 Mæliblöð**

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreit húss, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir lóðina.

#### **3.4 Frágangur lóða**

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

#### **3.5 Yfirborðsfrágangur**

Fella skal allan frágang við stíga, áningarstaði, bílastæði og önnur mannvirki vel að landi og nota eftir fremsta megni efni af staðnum eða svæðinu til lagfæringa og aðlögunar, svo sem grjót og gróðurtorfur sem fer undir framkvæmdasvæði.

### **4 Sérákvæði**

#### **4.1 Almennt**

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þá nýbyggingu sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

#### **4.2 S - Salernisbygging**

Innan byggingarreits er heimilt að byggja salernisbyggingu á einni hæð með gólfplatarmáli að hámarki 80 m<sup>2</sup>. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

Þakform er frjálst og skal hámarkshæð byggingar vera 4,5 m frá gólfkóta.

Þakfletir húsa skulu vera tyrfðir með náttúrulegum gróðri sem finnst á svæðinu. Veggfletir byggingar skulu vera í náttúrulegum tónum.

## 5 Umhverfisáhrif

Deiliskipulag Þingeyjar og Skuldaþingseyjar fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu framkvæmdir skv. deiliskipulagi eru bygging salernisbyggingar ásamt bílastæðum og aðkomusvæðis umhverfis hana. Einnig verða gönguleiðir og áningarstaðir um eyjarnar, m.a. að merkum minjastöðum. Þá er gert ráð fyrir borholu fyrir kalt vatn og rotþró vegna salernisbyggingar. Metin eru möguleg umhverfisáhrif þessara framkvæmda.

### 5.1 Landslag og sjónræn áhrif

Ekki er gert ráð fyrir að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði veruleg á landslag og ásýnd að svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir að áhrif salernisbyggingar á landslag og vegna ásýndar verði veruleg þar sem fyrirhuguð bygging er á einni hæð og þeir skilmálar settir að þak sé tyrft og að bygging falli sem best að umhverfi sínu. Þeir skilmálar eru settir vegna annarra framkvæmda að þær verði þannig útfærðar að þau falli sem best að umhverfi sínu og því eru áhrif þeirra ekki talin veruleg.

### 5.2 Náttúrufar

*Gróðurfar, jarðmyndanir og vatn*

Bílastæði, aðkomusvæði og salernisbygging eru á svæði sem er þakið lyngmóa. Augljóst er að inngríp verður á svæði sem eru um 0,2 ha stærð, en það sem svæðið er þó ekki frábrugðið aðliggjandi grónum svæðum. Einnig munu gróin svæði skerðast á svæðum sem fara undir áningarstaði og gönguleiðir, sér í lagi ef gerðir verða göngustígar í stað stikaðra leiða. Þau svæði sem skerðast vegna þessa eru óveruleg og eru þessi grónu svæðinu ekki frábrugðin grónum svæðum umhverfis. Áhrif á gróðurfar eru talin vera óveruleg þar sem sá gróður sem spillist er ekki frábrugðinn gróðri á aðliggjandi svæðum og um er að ræða fremur lítið gróðursvæði.

Áhrif á jarðmyndanir eru talin vera óveruleg þar sem lega stíga og staðsetning áningarstaða er valin þannig að jarðmyndanir verða ekki fyrir áhrifum.

Öll frárennismál verða í samræmi við viðeigandi reglugerðir og mun frárennsli ekki hafa mengun í för með sér.

Áhrif á náttúrufar geta einnig talist jákvæð að því leyti að gert er ráð fyrir að umferð gangandi verði stýrt um svæðið með skilgreindu kerfi gönguleiða.

### 5.3 Minjar og verndarsvæði

Áhrif uppbyggingar skv. deiliskipulagi á minjar eru talin vera óveruleg. Þrátt fyrir að skráðar minjar séu staðsettar nálægt fyrirhuguðum gönguleiðum og áningarstöðum er lögð áhersla á að ekki verði hróflað við minjum við fyrirhugaðar framkvæmdir og að engar framkvæmdir verði nær minjastöðum en 10 m.

#### **5.4 Útivist og ferðamennska**

Uppbygging skv. deiliskipulagi er talin hafa jákvæð áhrif á ferðamennsku þar sem verið að er byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn en slík aðstaða er mjög takmörkuð fyrir.

#### **5.5 Samantekt og niðurstaða**

Ekki er talið að framfylgd deiliskipulags hafi neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Jákvæð umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar eru talin vera vegna stýringar gangandi umferðar um svæðið og vegna betri aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu.